

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2013****2013/EES/61/48****frá 3. maí 2013****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1106/2012 frá 27. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins, að því er varðar uppfærslu á landa- og svæðaflokkunarkerfi ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1106/2012 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1833/2006 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 9d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1833/2006) í XXI. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32012 R 1106**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1106/2012 frá 27. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins, að því er varðar uppfærslu á landa- og svæðaflokkunarkerfi (Stjtið. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1106/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 7.

(²) Stjtið. ESB L 354, 14.12.2006, bls. 19.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.